

Reifun á úrskurði nr. 10/2017 - Tollflokkun á bifreið af gerðinni Opel Mavano, með palli

Kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á bifreið af gerðinni Opel Mavano, með palli. Kærandi mótmælir ákvörðun Tollstjóra um að bifreiðin skuli bera 60% vörugjald sem ökutæki til vöruflutninga miðað við skráða losun koltvísýrings, í tollskrárnúmeri 8704.2129. Kærandi krefst þess að bifreiðin beri 13% vörugjald í samræmi við tollskrárnúmer 8704.2199.

Niðurstaða: Litið er til fordæmandi úrskurða Yfirskattanefndar í málum nr. 8/2107 og 9/2017. Forsendur framangreindra úrskurða yfirskattanefndar eru að bifreiðar útbúnar vörupalli (nefndar pallbílar í daglegu tali) beri, samkvæmt meginreglu, vörugjald miðað við skráða losun koltvísýrings nema þær megi fella undir undantekningarákvæði q-liðar 1. tl. og h-liðar 2. tl. 4. gr. vörugjaldslaga. Við tollflokkun slíkra bifreiða þarf að horfa til þess hvort þær geti talist grindur í skilningi framangreindra undantekningarákvæða. Við þá ákvörðun þarf að framkvæma heildarmat á útliti og útbúnaði bifreiðanna við framvísun til tollmeðferðar en í vafatilvikum má líta til þess hvort almennt séu bifreiðar af viðkomandi tegund, eða eftir atvikum undirtegund, seldar sem grindur frá verksmiðju við innflutning. Þá virðist nefndin telja þann skilsmun á milli pallbíla, sem bera vörugjald miðað við koltvísýringslosun, og grindarbíla með viðbættu vöruflutningarými, sem bera 13% vörugjald, að hinir síðarnefndu hafi einkenni svokallaðra vinnuflokkabifreiða, svo sem vegna þess að vörupallur þeirra er við innflutning útbúinn niðurfellanlegum skjólbörðum.

Að mati Tollstjóra uppfyllir umrædd bifreið kæranda ofangreindar forsendur sem koma fram í nefndum úrskurðum Yfirskattanefndar sem leiða til þess að bifreiðin getur fallið undir ákvæði h-liðar 2. tl. 4. gr. vörugjaldslaga. Fellst Tollstjóri því á kröfur kæranda um að bifreiðin beri 13% vörugjald.